

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 109/1968. **Útver h/f**

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

**Sigurði Stefánssyni**

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Lindal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1968. Krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda kr. 26.564.60 með 8% ársvöxtum frá 15. september 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var stefndi í skiprúmi á skipi áfrýjanda, m/s Margréti, SI 4, þegar skipið var tekið til viðgerðar í Hafnarfirði hinn 24. janúar 1966. Hann hafði verið skipverji fyrir áramót, en hóf aftur störf 7. janúar 1966. Að lokinni viðgerð hélt skipið veiðum áfram hinn 9. marz s. á. Í máli þessu er einungis ágreiningur um ferðakostnað, kr. 1.320.00, og um kaup stefnda þetta tímabil. Krefst hann lágmarkskaups, kauptryggingar, á þessu tímabili, en síðan kaups samkvæmt hlutaskiptum afla til loka tryggingartímabilsins, 15. maí 1966.

Áfrýjandi reisir kröfu sína á því, að stefndi hafi fallizt á að fara í orlof, meðan viðgerðin færri fram, en stefndi hefur mótmælt því.

Staðhæfing áfrýjanda er ósönnuð, og skipshöfnin var ekki afskráð. Þar sem hvorugur aðilja sagði upp skiprúmssamningnum, gildi kjarasamningurinn frá 2. febrúar 1965 áfram

um lögskipti aðilja. Samkvæmt 8. gr. hans var tryggingartímabil það, sem hér skiptir máli, frá 1. janúar til 15. maí 1966. Verðmæti aflahlutar stefnda frá 7. janúar til 15. maí nam kr. 42.263.56, en kauptryggingarféð kr. 59.362.92 (24.146.80 + 35.216.12). Kauptrygging áfrýjanda varð því virk. Ber áfrýjanda að greiða stefnda þessa fjárhæð ásamt 7% í orlofsfé, kr. 4.155.40, og sjúkrasamlagsgjald í 129 daga, kr. 494.07. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 64.012.39, en aðiljar eru sammála um, að til frádráttar komi kr. 29.276.16. Ekki eru efni til að taka kröfu stefnda um ferðakostnað til greina, sbr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 34.736.23 með vöxtum frá þeim tíma, sem greinir í héraðsdómi, en aðiljar eru sammála um vaxtafótinn, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 18.000.00. Stefndi á sjóveðrétt í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Sigurði Stefánsyni, kr. 34.736.23 ásamt 8% ársvöxtum frá 3. ágúst 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt til tryggingar þessum fjárhæðum í m/s Margréti, SI 4.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 20. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. marz 1968, hefur Sigurður Stefánsson matsveinn, Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi, höfðað á hendur Útveri h/f, Siglufirði, með framlagningu skjala í dóm 29. nóvember 1966, þar sem umboðsmaður varnaraðilja var mættur til að svara til saka. Skriflegt samkomulag um varnarþing var lagt fram við þingfestingu málsins.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 49.730.28 með 1% vöxtum á mánuði eða

broti úr mánuði frá 3. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað. Auk þess er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt aðallega, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 17.789.80, en til vara kr. 26.564.60. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að aðeins verði veitt dómsviðurkenning fyrir 8% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi og að málskostnaður falli niður.

Í greinargerð krafðist stefndi aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að honum yrði aðeins gert að greiða kr. 26.564.60 með 7% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, en að málskostnaður yrði felldur niður.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi kröfum sínum í það horf, sem nú er, og var þeirri breytingu mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Málavextir og málsástæður.

7. janúar 1966 réðst stefnandi sem matsveinn á m/s Margréti, SI 4. Eigandi og útgerðarmaður var stefndi.

Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandi hafi tekið þátt í uppreisn skipverja gegn skipstjóra á Seyðisfirði 12. júlí 1966 og hafi þeir neitað að fara út á skipinu til veiða. Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir réttinum, að hann hafi aldrei orðið var við nokkra uppreisn á skipinu. Hann kveður skipstjóra hafa komið til sín í eldhúsið 12. júlí 1966 og spurt sig, hvort hann vildi koma með sér sem skipstjóri út. Kveðst hann hafa svarað spurningunni neitandi. Stefnandi kveðst hafa sagt upp skiprúmssamningi stefnanda með lögbundnum uppsagnarfresti, en stefnandi kveðst hafa hætt störfum á skipinu með samkomulagi við stefnda 2. ágúst 1966 á Seyðisfirði og tekið sér síðan far með flugvél til Reykjavíkur. Engin lögskil gerði stefndi stefnanda, og er mál þetta höfðað til heimtu eftirstöðva launa fyrir störf stefnanda á skipinu og til greiðslu kostnaðar af ferð hans frá Seyðisfirði til Reykjavíkur að starfstíma hans loknum.

Ekki var lögskráð á skipið. Hins vegar var að sögn stefnanda fært í skipshafnarskrá um borð. Kveður hann skipverja hafa ritað nöfn sín undir bókunina. 6. janúar 1966 sendi Kjartan Friðbjarnarson, framkvæmdastjóri stefnda, lögskráningarstjóranum á Siglufirði bréf með upplýsingum um þá menn, sem ráðnir höfðu verið í skiprúm. 12. janúar 1966 sendi hann lögskráningarstjóra skeyti um, að skipið hefði hafið veiðar 7. janúar. Í byrjun maí-mánaðar sendi framkvæmdastjórinn nafnalista á tilkynningar-

eyðublaði fyrir breytingar á skipshöfn, undirritaðan af honum sjálfum. Segir þar, að skipshöfnin, og þar á meðal stefndi, hafi verið afskráð 25. janúar 1966 og komið aftur í skiprúm 9. marz sama ár.

25. janúar lagðist skipið að bryggju í Hafnarfirði og var þar til viðgerðar, þar til það hélt aftur á veiðar 9. marz sama ár. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að skipsmenn hafi verið í orlofi á þessum tíma.

Í aðiljaskýrslu sinni skýrir stefnandi svo frá, að ráðningarsamningi hafi ekki verið slitið, þegar skipið var tekið til viðgerðar 24. janúar 1966. Kveðst hann aldrei hafa heyrt á það minnzt, að tíminn, sem skipið var til viðgerðar, yrði skoðaður sem orlof. Hann kveðst ekki hafa starfað við skipið á þessu tímabili og ekki hafa starfað annað.

Málið var upphaflega höfðað til greiðslu á kr. 80.000.00 auk vaxta og kostnaðar, en þess er getið í stefnu, að fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð og fyrirvari gerður um breytingar á henni undir rekstri málsins. Við þingfestingu málsins lagði umboðsmaður stefnanda fram svohljóðandi reikningsyfirlit frá stefnda:

„Hr. Sigurður Stefánsson, Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi.	
Aflatrygging frá 7/1 til 24/1, 18 dagar, 455.60	.. kr. 8.200.80
Aflahlutur 10/3 til 31/5, 3.51% úr 1.463.060.43	.. — 51.353.42
Aflahlutur 10/3 til 31/5, 3.41% úr 334.017.90	.... — 11.390.00
Aflahlutur úr ufsa, 3.51% úr 47.190.00	..... — 1.656.40
Orlof	..... — 5.082.04
Sjúkrasamlag 100 dagar, 3.83	..... — 383.00
Peningar	..... kr. 57.978.91
Fæði í 100 daga, 67.76	..... — 6.776.00
Mismunur	..... — 13.310.75

---

Kr. 78.065.66    Kr. 78.065.66

Bráðabirgðauppgjör frá 1/6 til 31/7, 61 d., 455.60	kr. 27.791.60
Mismunur frá f. yfirliti	..... — 13.310.75
Áætlað fæði í 61 dag á 100.00	.. .. kr. 6.100.00
Greidd gjöld	..... — 35.000.00
Mismunur	..... — 2.35

---

Kr. 41.102.35    Kr. 41.102.35“

Af hálfu stefnanda var uppgjöri þessu lýst sem röngu og ófullnægjandi, einkum vegna þess að einungis er um bráðabirgðauppgjör að ræða fyrir tímabilið frá 1. júlí til loka samningstímans, og einnig vegna þess, að ekki sé skipt rétt í tryggingartímabil samkvæmt kjarasamningi útvegsmanna og sjómanna. Einkum var þó reikningsyfirlitið gagnrýnt vegna þess, að stefnanda var ekki reiknuð kauptrygging fyrir tímabilið 24. janúar til 9. marz 1966, en því er haldið fram, að stefnandi hafi verið bundinn ráðningu við stefnda allan tímunn, tímabilið falli ekki undir aflahlut, þar sem ekki var verið að veiðum, og hafi stefnandi þannig orðið fyrir tjóni, sem stefndi beri ábyrgð á. Þá var því haldið fram, að í reikningsyfirlitinu séu liðir eins og úttekt peninga, sem nemi hærri fjárhæð en stefnandi hafi tekið á móti. Auk þess var það sérstaklega gagnrýnt, að tímabilið frá 7. janúar til 15. maí er skipt niður í kauptryggingartímabil og tímabil, þar sem kaupgreiðslur eru bundnar við aflahlut.

7. febrúar 1967 var lögð fram greinargerð af hálfu stefnda og svohljóðandi reikningsyfirlit fyrir tímabilið 1. júní til loka ráðningartímans:

„Sigurður Stefánsson, Unnarbraut 3, Seltjarnarnesi.

Pro: Aflahlutur frá 1/6–1/8, 3.51% af 1.229.614.04 kr.	42.842.55
— Orlof 7% . . . . .	— 2.990.49
— Sjúkrasamlag 62 d., 3.83 . . . . .	— 237.46
— Mism. f. f. yfirliti . . . . .	— 13.310.75
An: Fæði í 51 d., 76.16 . . . . .	kr. 3.884.16
— Fæði í 11 d., 107.59 . . . . .	— 1.183.49
— Greitt útsvar . . . . .	— 35.000.00
— Mismunur . . . . .	— 19.314.60

---

Kr. 59.382.25 Kr. 59.382.25“

Varakrafa stefnda var síðan byggð á því, að þetta reikningsyfirlit yrði lagt til grundvallar lögskilum aðiljanna vegna skiprúmssamningsins. Haldið er fast við reikningsaðferð við útreikning launa stefnanda fyrir fyrra tímabilið frá 7. janúar til 31. maí 1966. Aðalkrafan var studd þeim rökum, að stefnandi hefði tekið þátt í uppreisn gegn skipstjóra, og heimilaði það stefnda að draga af kaupum hans sem næmi inneign hans.

Eftir að gagnasöfnun lauk og áður málið yrði tekið til munnlegs flutnings, féll dómur í máli, sem Bryngeir Vattnes, II. stýrimaður, hafði höfðað hér fyrir dómi á hendur stefnda í máli þessu til heimtu launa fyrir störf á m/s Margréti, SI 4, á sama tímabili og stefndi krefst launa fyrir í máli þessu. Var niðurstaða dóms á þann veg, að stefnanda bæri kauptrygging fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966, er skipið var til viðgerðar í Hafnarfirði.

Er málið var tekið til munnlegs flutnings, var stefnukröfum breytt í það horf, sem nú er. Stefnandi fellur nú að mestu frá gagnrýni sinni á reikningsfærslu stefnda. Krefst hann þess nú, að stefnda verði gert að greiða honum það, sem hann viðurkennir að skulda stefnanda, með smávægilegum leiðréttingum svo og kr. 1.320.00 í ferðakostnað og kr. 7.250.00 vegna starfa, er stefnandi var ráðinn til að gegna um borð í skipinu í ferð þess frá Reykjavík til Akureyrar í slipp. Svo heldur stefnandi og fast við vaxtakröfu og málskostnaðar.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú svo:

1. Tímabilið frá 7. 1. 1966 til 31. 5. 1966:

a. Aflatrygging frá 7. 1.—24. 1.

Aflahlutur frá 9. 3.—31. 5.

Orlof 7%.

Sjúkrasamlagsgjald í 100 daga.

Liðir þessir eru samkvæmt uppgjöri stefnda í

rskj. nr. 5 . . . . . kr. 78.065.66

b. Kauptrygging frá 24. 1. 1966 til 9. 3. 1966:

Frá 24. 1. 1966 til 1. 3. 1966, kr. 459.27 á dag

í 35 daga . . . . . kr. 16.074.45

Frá 1. 3. 1966 til 9. 3. 1966,

kr. 463.66 á dag í 9 daga . . . . . — 4.172.94

Orlof 7% . . . . . — 1.417.32

Sjúkrasamlagsgjald frá 24.

1.—9. 3. 1966 . . . . . — 168.58 — 21.833.29

Úttekt:

Fæði í 100 daga, kr. 67.76

á dag . . . . . kr. 6.776.00

Peningar . . . . . — 5.978.91 — 12.754.91

Mismunur . . . . . — 87.144.04

---

Kr. 99.898.95 Kr. 99.898.95

## 2. Tímabilið frá 1. 6. til 2. 8. 1966:

a. Aflahlutur frá 1. 6.—2. 8. 1966, 3.51% af kr. 1.220.614.04 . . . . .	kr. 42.843.55
b. Orlof 7% . . . . .	— 2.999.05
c. Sjúkrasamlagsgj. í 63 daga, kr. 3.83 pr. dag —	241.29
Inneign frá tímabilinu 7. 1.—31. 5. 1966 . . . . .	— 87.144.04

## Úttekt:

Fæði í 51 dag á kr. 76.16 pr. dag . . . . .	kr. 3.884.16
Fæði í 11 daga á kr. 107.59 pr. dag —	1.183.49
Greitt útsvar . . . . .	— 35.000.00
Peningar . . . . .	— 52.000.00
Mismunur, inneign . . . . .	— 41.160.28

---

Kr. 133.227.93 Kr. 133.227.93

Innstæða stefnanda verður því kr. 41.160.28 + kr. 8.570.00 samkvæmt rskj. nr. 7 og 8. Samtals nemur því inneign stefnanda kr. 49.730.28.

Fjárhæð aflahlutar stefnanda fyrir tímabilið frá 1. júní til 2. ágúst er leiðrétt um eina krónu, kr. 42.843.55 í stað kr. 42.842.55. Fjárhæð orlofs af þeirri fjárhæð er leiðrétt um kr. 8.56. Daga-fjöldi þessa tímabils er leiðréttur, 63 dagar í stað 62, og bætt við liðinn sjúkrasamlagsgjald kr. 8.83, sem svarar gjaldinu fyrir einn dag. Allar eru leiðréttingar þessar réttar. Stefndi fellst á kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 7.250.00 vegna starfa stefnanda á skipinu á siglingu þess frá Reykjavík til Akureyrar, en mótmælir kröfu um greiðslu ferðakostnaðar á þeim grundvelli, að stefnandi hafi neitað að fara með skipinu til veiða og verið sagt upp starfi sínu af þeim sökum, eigi hann því ekki rétt á greiðslu ferðakostnaðar samkvæmt 34. grein sjómannalaga nr. 67 frá 1963, enda hafi hann ekki farið til heimahafnar skipsins. Hins vegar fellur nú stefndi frá aðalkröfu sinni um sýknu vegna óhlýðni stefnanda við skipstjóra og setur fram nýja aðalkröfu um, að stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 17.789.80. Kveður hann kröfuna byggða á því, að ef reikna eigi laun stefnanda í samræmi við heildarsamninga sjómanna og útgerðarmanna og breytta kröfugerð stefnanda, hafi afli verið meiri á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí en sem svaraði kauptryggingu. Hið sama kveður stefndi um tímabilið frá 15. maí til loka skiprúmssamningsins. Stefndi fellur þannig frá fyrri skoðun sinni, sem fram kemur í reikningsyfirliti hans, og fellst á það sjónarmið stefn-

anda, sem fram kemur í greinargerð hans um, að reikna beri tryggingartímabil í samræmi við 8. gr. síldveiðisamnings milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og nokkurra sjómannafélaga frá 2. febrúar 1965, þar sem segir, að tryggingartímabil á síldveiðum skuli vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Mótmæli stefnanda gegn breyttri kröfugerð stefnda byggjast á því, að stefndi hafi með fyrri afstöðu sinni í málinu viðurkennt, að stefnandi eigi inni hjá honum kr. 26.564.60, og að reikna beri laun stefnanda með þeim hætti, sem lýst er hér að framan og stefnandi hefur nú sætt sig við. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi geti nú ekki breytt þessari afstöðu til óhagræðis fyrir stefnanda.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að afstaða réttarins í málinu: Bryngeir Vattnes gegn Útveri h/f og breytt kröfugerð stefnanda réttlæti afstöðubreytingu stefnda.

Álit réttarins.

Þegar stefnandi lagði fram greinargerð sína, lá fyrir í málinu reikningsyfirlit hans um skuldaskil hans og stefnanda fyrir tímabilið frá 7. janúar 1966 til 31. maí 1966. Einnig lá þá fyrir, að stefnandi taldi vanta í yfirlitið laun sín fyrir tímabilið frá 24. janúar 1966 til 9. marz 1966. Ef stefndi vildi gera breytingu á reikningsgrundvellingum stefnanda í óhag vegna kröfu hans um laun fyrir nefnt tímabil, hefði hann átt að gera kröfu þar að lútandi í greinargerð sinni. Í þess stað leggur hann fram með greinargerðinni reikningsyfirlit fyrir tímabilið frá 1. júní til loka ráðningartímans, þar sem byggt er á reikningsyfirliti fyrir fyrra tímabilið.

Breyting sú, sem stefndi gerði á kröfugerð sinni, stefnanda í óhag, við munnlegan flutning málsins, er þannig of seint fram komin og kemur ekki til álita. Sýknukrafa stefnda byggðist á þeirri málsástæðu, að stefnandi hefði fyrirgert rétti sínum til þeirra launa, sem viðurkennt var, að hann hefði unnið sér inn. Frá þessari kröfu hefur stefndi nú fallið. Gagnrýni umboðsmanns stefnanda í greinargerð á reikningsaðferð stefnda verður ekki skilin þann veg, að hann hafi viljað gera málstað umbjóðanda síns lakari.

Að því er varðar tímabilið frá 25. janúar til 9. marz 1966 er álit réttarins sem hér segir: Stefnandi var í skiprúmi á skipi stefnda, þegar það var tekið til viðgerðar í Hafnarfjarðarhöfn 25. janúar 1966. Hann var þá ekki lögskráður úr skiprúmi. Sam-

kvæmt 8. gr. síldveiðisamnings frá 2. febrúar 1965, sem aðiljar telja gilda um lögskipti sín, bar útgerðarmanni að tryggja stefnanda kr. 11.261.00 í lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum.

Samkvæmt 26. gr. samningsins skal kauptrygging hækka í sama hlutfalli og kaup verkafólks á viðkomandi stað á gildistíma samningsins. Er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að á tímabilinu frá 1. desember 1965 til 30. apríl 1966 hafi mánaðarkaupið þannig numið kr. 13.668.00 og frá 1. marz 1966 kr. 13.901.00. Samkvæmt 12. gr. samningsins ber stefnanda 7% orlofsfé af öllum launagreiðslum, og samkvæmt sömu grein skal útgerðarmaður greiða sjúkrasamlagsgjöld skipverja. Ráðningarsamningi stefnanda virðist ekki hafa verið slitið, er skipið var tekið til viðgerðar 25. janúar 1966. Ósannað er gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi verið í orlofi á viðgerðartímanum.

Meðan skipið lá í höfn, var einskis afla að vænta. Með hliðsjón af því, hversu mjög viðgerðin dróst á langinn, þykir það í bezta samræmi við kjarasamninginn, sem ræður lögskiptum aðiljanna, að reikna stefnanda laun án tillits til aflabragða á tryggingartímabilinu. Fyrir því ber að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir viðgerðartímann.

Í 32. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 er tæmandi talning þeirra atvika, sem heimila skipstjóra að víkja skipverja úr skiprúmi með þeim réttaráhrifum, er greinir í 34. gr. Þykir atferli stefnanda ekki verða fellt þar undir, enda var honum ekki sagt upp fyrirvaralaust. Með því að skipshöfnin hóf störf sín á skipinu í Reykjavíkurhöfn, verður að telja, að þar skyldi ráðningu slitið. Stefndi á því rétt á greiðslu ferðakostnaðar síns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda, bæði hæð hennar og upphafstíma. Engin lagarök virðast leiða til að reikna vextina einungis frá stefnubirtingardegi, svo sem stefndi krefst. Hins vegar verður að fallast á, að vaxtakrafan sé of há. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands hefur bankinn vald til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samkvæmt lögum nr. 71/1965 um breytingu á síðargreindu lögunum skulu dráttarvextir fara eftir því, sem bankinn ákveður. Samkvæmt auglýsingu 30. desember 1965 skulu dráttarvextir í lánsviðskiptum vera 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Viðskipti aðilja þessa máls verða ekki talin lánsviðskipti í skilningi greindrar aug-

lýsingar. Bankinn hefur ekki tekið afstöðu til þess, hverjir dráttarvextir skuli reiknast af öðrum skuldum, og virðist í því efni verða að fara eftir þeim reglum, sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 71 frá 1965. Verður því að fallast á þá kröfu stefnda, að vextir reiknist aðeins 8%.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dóm þenna kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Þorsteinn Eyjólfsson skipstjóri.

#### Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Sigurði Stefánssyni, kr. 49.730.28 með 8% ársvöxtum frá 3. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur viðurkennist fyrir tildæmdum kröfum í m/s Margréti, SI 4.

---

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 110/1968. Útver h/f

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

**Haraldi Sigurðssyni**

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Línadal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1968. Krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda kr. 15.494.49 með 8% ársvöxtum frá 15. september 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.